

Þróun og uppbygging Ylstrandarinnar


Ylströndin fagnaði 25 ára afmæli á þessu ári og hefur á þessum tíma fest sig í sessi sem eitt vinsælasta útivistarsvæði borgarinnar. Svæðið þjónar fjölbreyttum hópi notenda allt árið, bæði íbúa og ferðamönnum. Aukinn fjöldi gesta og breyttar væntingar kalla á markvissa uppbyggingu og endurnýjun aðstöðu.

Helstu rök fyrir uppbyggingu:

- Aukinn fjöldi gesta og eftirspurn eftir þjónustu
- Afmörkun þjónustusvæðis til að tryggja að gesti greiði fyrir þá þjónustu sem í boði er
- Þurrugufa – mikil eftirspurn og aukin áhugi fólks tengt gufu og gufumenningu
- Aukapottur – teikningar liggja fyrir en algengt er að sá pottur sem fyrir er annar ekki eftirspurn.
- Aðstaða fyrir hópa og útiklefar – Fjöldi hópa sækir svæðið en engin sértæk aðstaða er að taka á móti hópum. Tækifæri liggja einnig að bjóða upp á skiptiaðstöðu í útiklefum.
- Bætt aðgengi að sjó fyrir sjósundsgesti – fleiri göngurampar.
- Þörf fyrir bætta salernisaðstöðu – eina salernisaðstaðan á svæðinu er staðsett inn í þjónustuhúsi. Salerni eru of fá.
- Grillskýli – grillmenning er til staðar á svæðinu, fólk er að koma með einnota grill en einnig hefur verið staðsett grill við þjónustuhúsið sem er óhentugur staður.



Ylströndin þjónustuhús



Teikning með aukapottur – þurrugufa gæti verið hönnuð í hól vestan við þjónustuhúsið

Ávinningur uppbyggingar

Heilsuefling og lífsgæði: Bætt aðstaða styður við markmið borgarinnar um heilsueflingu og vellíðan íbúa.

Ferðapjónusta: Ylströndin er einstakt aðdráttarafl fyrir ferðamenn og styrkir ímynd borgarinnar sem útivistarborgar.

Sjálfbærni og framtíðarsýn: Uppbygging tryggir að svæðið haldi áfram að vera aðlaðandi og sjálfbært til næstu 25 ára.

Næstu skref

Fjárveiting sé tryggð árið 2026 fyrir gerð frumhönnunar út frá skilgreindri forsagnarvinnu , kostnaðargreiningu og framkvæmdaáætlunar að upphæð 12 miljónir króna. Ábyrgð Útilífsborgin í samráði við USK.